# ÍSLENSKT TAKMARK

I

Ingólfur landnámsmaður, slíkur sem Einar Jónsson sýnir oss hann á Arnarhóli, lítur út eins og maður, sem hefir sett sér takmark. Og Íslendingar þurfa að líkja eftir þessum föður þjóðarinnar, og setja sér takmark. Og þjóðartakmarkið á að vera það, að nema aftur Norðurlönd, fyrir norræna tungu — það er íslensku — og norræna menningu, og raunar mest þá, sem er ekki ennþá, en þarf að verða, og getur ekki orðið, ef norrænt mál líður undir lok.

II

Hin íslenska þjóð er nú lítils metin úti í löndum, og jafnvel á Norðurlöndum, þó að nánustu frændurnir séu þar. Og er við því að búast. Vér erum svo fáir, og það sem er ennþá miklu verra, svo ósamtaka. Og hér á landi hefir verið svo sem tíu sinnum erfiðara að þrífast en í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. — En að þessu hefir ekki verið gætt sem skyldi. Sambandssjóðurinn hefði, ef til vill, orðið svo sem tíu sinnum ríflegri, ef það hefði verið gert. — Vér verðum að kenna heiminum að hafa þjóð vora í meiri metum. Og aðferðin til þess er sú, að kenna öllum að skilja, hvaða gagn má af henni hafa. Einnig frændþjóðir vorar á Norðurlöndum, sem eru svo mannmargar og máttugar, í samanburði við oss, eru af stórþjóðunum lítils metnar, hjá því sem þyrfti að vera. En svo mun ekki verða, þegar Norðurlandaþjóðirnar fara að skilja sitt hlutverk. En það verður að byrja á því, að Íslendingar skilji sitt. Og það sem vér verðum að byrja á, er að koma þeim skilningi fram, að hver maður á Norðurlöndum, sem menntaður vill heita, verði að geta lesið Norður-

landasögu Snorra á frummálinu. Og úr því munu engin vandræði verða, að fá menn til að skilja, að á Íslandi er enn þann dag í dag, ritað sama málið, sem á Heimskringlu er.

III

Ef vér tökum í þessu máli rétta stefnu, þá munu íslenskar bækur verða lesnar um öll Norðurlönd, og víða þar sem byggir það fólk, sem af Norðurlöndum er ættað. Og það mun margt merkilegra og þýðingarmeira verða ritað á íslensku en oss grunar nú, — einnig í nótum — þegar ekki bagar eins og nú, smáþjóðarskapurinn, vantraustið, fylgisleysið, og ekki stefnir fram í þessu þjóðfélagi, eins og hingað til hefir viljað vera svo oft, að því, að afmá snillinga þjóðarinnar, þjóðinni allri til hins mesta tjóns.

29. mars '24.